

Ritdómur

***Religion, Sustainability and Education:
Pedagogy, Perspectives, and Praxis — Towards Ecological Sustainability,***
ritstj. Mary Philip, Chad Rimmer og Tom S. Tomren.
Steinkjer [Noregi]: Embla Akademisk, 2021, 314 bls.

Áhugavert greinasafn, *Religion, Sustainability and Education: Pedagogy, Perspectives, and Praxis — Towards Ecological Sustainability*, um tengsl trúar, sjálfbærni og menntunar hefur nýlega litið dagsins ljós hjá norsku forlagi sem kallar sig Akademísku Emblu (Embla Akademisk). Það sem tengir höfunda greinanna í bókinni saman er áhugi þeirra og jafnframt áhyggjur af vandamálum sem tengjast hamfarahlýnun og loftslagsbreytingum. Í inngangi kemur fram að skömmu áður en covid-faraldurinn braust út í Evrópu (nánar tiltekið í febrúar 2020) héldu þessir fræðimenn alþjóðlega ráðstefnu í Bergen þar sem saman kom fjölskrúðugur hópur fólks úr ýmsum greinum og geirum alþjóðasamfélagsins. Markmiðið með ráðstefnunni var að ræða hvernig mætti aftra verstu afleiðingum loftslagsbreytinga. Á ráðstefnunni var megináherslan lögð á að viðra ólík þverfræðileg sjónarmið og er reynt að endurspeglu þau í bókinni. Bókinni er skipt í þrjá hluta þar sem sá fyrsti ber yfirskriftina *Kennsla* (e. *Pedagogy*), annar *Sjónarmið* (e. *Perspectives*) og sá þriðji *Iðkun* (e. *Praxis*). Hér á eftir verða skoðuð nokkur dæmi úr hverjum hluta fyrir sig en ekki verður um tæmandi úttekt að ræða.

Í fyrsta hluta er að finna fjóra kafla eftir höfunda sem koma víðs vegar úr heiminum. Fyrsti kaflinn, *Ecology and Christian Education: How Sustainability Discourse and Theological Anthropology Inform Teaching Methods*, endurspeglar markmið bókarinnar vel en þar veltir Chad Rimmer fyrir sér mikilvægi vistfræðilegrar þekkingar og áhrifum hennar á aðrar greinar. Mary Philip skrifar kaflann *Women: Eco-warriors of Climate Change and Sustainability* og tengir saman stöðu fátækra kvenna og framlag femínískrar vistguðfræði. Hvaðan kemur innsæið og krafturinn í því sem þessar konur gera, spyr Philip, og vísar í forna jafnt sem nýja vísu kvenna, Biblíuna og femíníska guðfræði. Hún leggur áherslu á að allur heimurinn þurfi að breyta um afstöðu til náttúrunnar og skilja þar með stöðu sína innan sköpunarverksins. Lokakaflinn þessa fyrsta hluta er síðan túlkun á veigamiklum skrifum Lúthers frá sjónarhóli vistfræðinnar. Höfundurinn, Tom Sverre Tomren, spyr hversu „grænn“ Lúther hafi verið en viðurkennir að erfitt sé að svara því. Aðferðafræði Tomrens byggist á að túlka þekkta texta eftir Lúther þar sem hann beinir sjónum að umfjöllun Lúthers um náttúruna. Greinargóð og áhugaverð umfjöllun höfundar leiðir þó ekki til endanlegrar niðurstöðu, eins og fyrr segir, en það breytir ekki því að eftir stendur áhugaverður kaflinn um fölgæran Lúther.

Miðjuhlutinn, *Perspectives*, inniheldur sex kafla. Hér bætast við trúarbragðafræðileg sjónarmið en Sigurd Bergmann opnar annan hlutann með umræðu um grundvallarspurningar sem tengjast trúarhugtakinu. Jean Koulagna túlkar svo fornar sköpunarsögur út frá textafræði og túlkunarfræði og Sayed Hassan Akhlaq ber saman hugtakið *basmalah* í Kóraninum og boðorðin tíu í *Fræðunum meiri*

eftir Marteín Lúther og nýtir til þess mannréttindasjónarhorn. Niðurstaða Akhlaqs er á þá leið að margt sé sameiginlegt með *basmalah* og boðorðunum tíu. Kjarninn sé boðskapurinn um miskunn-saman Guð sem elski sköpunarverk sitt, bæði manninn og náttúruna. Samtímis leggur Akhlaq á það áherslu að mikið verk bíði múslímskra og kristinna guðfræðinga við að vinna með hinn sam-eiginlega arf þeirra. Nauðsynlegt sé að ráðast í það verk og sigrast á þeim erfiðleikum sem þar komi hugsanlega upp í þágu náttúrunnar og jarðarinnar.

Í síðari þremur köflunum í öðrum hluta eru ólík málefni viðruð, s.s. sjaríalög, núvitund og altaris-sakramentið. Síðasta kaflann, *Lutheran Eucharistic Practices as an Ecological Resource*, skrifar Sigríður Guðmarsdóttir og fjallar hann um það hvernig altarisgangan fer fram í lútherskum sið og hvernig megi nýta hana til að hvetja til rétrar umgengni við fæðu og önnur efnisleg gæði. Sigríður gengur út frá hugmyndinni um raunverulega nálægð Guðs í altarissakramentinu og táknræna túlkun lúth-erskrar hefðar á því atriði og færir fyrir því rök að sú túlkun geti reynst gagnleg við að styrkja tengslin við þau sem raunverulega þjást vegna hungurs í veröldinni. Með öðrum orðum: altaris-gangan í lúthersku samhengi ýtir undir raunverulegan atbeina í þágu hinna fátæku í heiminum.

Í síðasta hlutanum, *Praxis*, eru fimm kaflar. Sá fyrsti fjallar um vistfræðilega iðkun innan eþíóp-ísku Tewahedo-rétttrúnaðarkirkjunnar og þann kafla skrifar Abate Gobena. Umrædd kirkja tilheyrir rétttrúnaðarkirkju Austurlanda (e. *Oriental Orthodox Family of Churches*) en henni tilheyrja meira en 50 milljónir manna sem gerir hana að stærstu rétttrúnaðarkirkju utan Evrópu. Í greininni kemur fram að Tewahedo-kirkjan hafi átt mikinn þátt í því að varðveita skóglendi og hlúa að líffræðilegum fjölbreytileika í Eþíópíu um aldir. Klausturfólk hefur, að öðrum ólöstuðum, unnið að þessu mark-miði en starf þess byggist fyrst og fremst á túlkun þess á ráðsmennskuhlutverki mannsins í aldin-garði Drottins.

Margra grasa kennir í síðustu köflunum. Fjallað er um klassískar, biblíulegar hugmyndir, s.s. hvíldardagshugmyndina, ráðsmennskuhugmyndina og garðshugmyndina, og þær tengdar vistkerfis-vandanum í viðkomandi löndum eða kirkjum sem tekið hafa ákvörðun um að láta til sín taka í umhverfismálum og gerast grænar. Augljóslega eru aðstæður mjög ólíkar í hinum ýmsu Afríku-löndum þaðan sem margir greinarhöfundar koma og eiga rætur til. Þótt sjálfbærnihugtakið sé nýlegt þá er iðkun á grundvelli þess sem það felur í sér ekki ný. Sjálfbærnimenntun á kristnum grunni getur hins vegar verið jafn mismunandi og umhverfið sem um ræðir hverju sinni. Um þetta fjalla síðustu tveir kaflarnir en samhengið þar eru Kamerún og Abu Dhabi. Samkirkjulegt starf hefur lengi verið gróskumikið á þessum slóðum og hafa Norðurlöndin átt drjúgan þátt í því.

Sé efni bókarinnar tekið saman má segja að bókin veiti innsýn í hvort tveggja, guðfræðilega og samkirkjulega vinnu í mörgum löndum, vinnu sem miðar að aukinni sjálfbærni fyrir tilstuðlan menntunar á kristnum grunni. Þessi bók getur augljóslega nýst sem kennslubók á bæði grunn- og framhaldsstigi í námskeiðum þar sem lögð væri áhersla á ofanefnda þætti, þ.e. menntun, sjálfbærni og trú. Hún gefur ríkulega innsýn í fjölbjóðlegt og þar af leiðandi mismunandi trúarlegt starf sem miðar að aukinni sjálfbærni í víðustu merkingu þess hugtaks.